

FUNDARGERÐ

378. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, var haldinn 6. september 2016 kl. 9.00 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Guðrún Árnadóttir, Helgi Pétursson, Hrafn Magnússon, Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi: Reynir Vilhjálmsson. Einnig mætti Bryndís Haagan frá Gráa hernum.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt

1. Staða frumvarps um breytingar á lögum um almannatryggingar

Félags- og húsnæðisráðherra mun mæla fyrir frumvarpinu á Alþingi í dag. Farið var yfir það sem fram kom á nýlegum fundi stjórnar og Gráa með ráðherra. Niðurstaða umræðu og yfirferðar að FEB mun heldur sig við þá umsögn sem fram var lögð fram við ráðuneytið í júlí s.l. Helstu áhersluatriði þar eru ;

- FEB getur með engu móti samþykkt óbreytt þau drög að frumvarpi til laga um almannatryggingar sem fyrir liggur. Þó mörg atriði frumvarpsins séu vissulega til bóta frá því kerfi sem nú er í gildi varðandi almannatryggingarnar, eru of mörg önnur atriði í drögunum sem ekki eru ásættanleg í óbreyttri mynd.
- Þar má helst nefna:afnám frítekjumarka launatekna, sem mun virkja letjandi á eldra fólk að halda áfram störfum á vinnumarkaði og vinna þannig gegn því markmiði sem fram kemur í drögunum að hækka eftirlaunaaldur manna og fresta töku lífeyris til 80 ára aldurs. Eðlilegt er að gæta samræmis í meðhöndlun allra tegunda af tekjum eftir því sem kostur er, svo sem vegna fjármagnstekna.
- Breytingar samkvæmt drögunum munu valda því að um 4.200 manns munu sæta lækkun eða fá engan lífeyri frá TR, ef frumvarpsdrögin ná fram að ganga í óbreyttri mynd.
- Því er haldið fram í opinberri umræðu að grunnstoð eftirlaunakerfisins sé lífeyrissjóðirnir og síðan komi almannatryggingar sem viðbót. Þetta er alrangt og stenst enga skoðun. Lífeyrissjóðirnir voru hugsaðir sem viðbót við greiðslur frá almannatryggingum. Það er þess vegna óviðunandi að leggja niður grunnlífeyri til allra í almannatryggingum, eins og drögin gera ráð fyrir. Það væri eðlilegra að hækka hann verulega, þannig að hann verði viðunandi og lífeyrir frá lífeyrissjóðunum komi svo til viðbótar
- Rétt er að minna á að krafa eldri borgara um að fá líkt og launafólk hækkun í 300. Þúsund er hvergi nefnd í þessum lagadrögum. Hún stendur óhöggð.

Árétting með þessum punktum verður send á alla þingmenn í dag og skilað í hólfi þeirra.

2. Útifundur 8. ágúst

Leyfi fyrir fundinum fékkst s.l. fimmtuadg og fór þá þá frekari undirbúningur á fullt skrið.

Fundurinn verður auglýstur á vefnum, með tölvupósti, kynningum og beinum auglýsingum m.a. í útvarpi.

Formanni / framkvæmdastjóra LEB hefur verið boðið að taka til máls – svar hefur ekki borist.

Áhersluatriði fundarins verða;

- ENGAR SKERÐINGAR
- EKKI „ÞEGAR“ HELDUR EFTIRLAUNAFÓLK
- 40 ÞÚSUND ATKVÆÐI
- 300 ÞÚSUND KRÓN ALÁGMARK
- VIÐ ERUM BÚIN AÐ BORGA ÞETTA

3. Önnur mál

Framkvæmdastjóri fór lauslega yfir nýjustu stöðu í lóðamálum í Árskógum þar sem hann upplýsti að legið væri yfir lagnateikningum þar sem í ljós hefur komið að stórar lagnir úr hverfinu fyrir ofan liggja þétt við og inn á lóð félagsins og þarfnast því flutnings/tilfærslu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 10.10.